

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2019

2020/EES/44/32

frá 29. mars 2019

um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. H8 frá 17. desember 2015 (uppfærð með minni háttar tæknilegum útskýringum 9. mars 2016) um starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu á vegum framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. H8 kemur í stað ákvörðunar nr. H2 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.H6 (ákvörðun nr. H6):

„3.H8 **32016 D 0720(01)**: Ákvörðun nr. H8 frá 17. desember 2015 (uppfærð með minni háttar tæknilegum útskýringum 9. mars 2016) um starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu á vegum framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB C 263, 20.7.2016, bls. 3).“

2. Texti liðar 3.H2 (ákvörðun nr. H2 frá 12. júní 2009) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. H8, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 263 20.7.2016, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.